

Fjölbrautaskóli Snæfellinga – Sjálfsmatsskýrsla 2015-2016

Júní 2016
Hrafnhildur Hallvarðdóttir
Erna Guðmundsdóttir
Kristín Rós Jóhannesdóttir



Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Starfsemi skólans	4
	2.1.1 Markmið og hlutverk	4
	2.1.2 Nám og kennsla	5
	2.1.3 Námsmat	5
	2.1.4 Þróunarvinna	6
	2.1.5 Nýir áfangar	6
	2.1.6 Áherslur á sköpun og listir	7
3	Ytri úttekt	7
4	Stofnun ársins	7
5	Húsfundur með nemendum og starfsfólki skólans	8
6	Skólaráð	8
7	Sjálfsmat í Fjölbrautaskóla Snæfellinga	8
	7.1.1 Töluleg gögn um skólastarfið	9
	7.1.2 Um námsárangur	10
	7.1.3 Kennslumat	11
	7.1.4 Sjálfsrýni kennara	11
	7.1.5 Viðhorfskönnun	11
	7.1.6 Viðhorfskönnun vorannar	11
	7.1.7 Samanburður viðhorfskannana	12
	7.1.8 Könnun á viðhorfum útskriftarnema FSN veturinn 2015-2016	15
	7.1.9 Rýnivíðtöl við útskriftarnema FSN veturinn 2015-2016	16
	7.1.10 Rýnivíðtal við nemendur framhaldsdeildar á Patreksfirði í nóvember 2015 16	
8	Styrkleikar, veikleikar og úrbætur	17
	8.1.1 Veikleikar	17
	8.1.2 Styrkleikar	17
	8.1.3 Umbætur og tækifæri	18
9	Fylgiskjal 1 – Sniðmát fyrir kennsluskýrslu kennara í annarlok	20
	I. Einkunnir og einkunnadreifing:	20
10	Fylgiskjal 2 – Spurningarammi fyrir umræður í rýnihóp	21
11	Fylgiskjal 3. Viðauki við skólasamning fyrir árin 2015 og 2016 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Fjölbrautaskóla Snæfellinga	22
12	Fylgiskjal 4. Helstu niðurstöður úr ytra mati á FSN	23
13	Fylgiskjal 5. Umbótaáætlun unnin í framhaldi af ytri úttekt.	24



1 Inngangur

Framhaldsskólum landsins er gert að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli framhaldsskólalaga nr. 92/2008 þar sem segir í 40. gr.

Markmið mats og eftirits með gæðum starfs í framhaldsskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Um innra mat segir svo í 41. grein framhaldsskólalaga: „Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.“

Sjálfsmat skóla á því að bæta skólastarfið og finna það sem vel er gert og laga það sem betur má fara.

Þau atriði sem ráðuneytið telur mikilvæg sem viðmið fyrir úttekt á sjálfsmatsaðferðum eru m.a. að sjálfsmatið sé:

1. Formlegt. Sjálfsmatið skal byggja á kerfisbundnum aðferðum sem settar hafa verið fram skriflega.
2. Altækt. Sjálfsmatið nái til allra helstu þátta skólastarfsins.
3. Áreiðanlegt. Sjálfsmatið byggi á traustum upplýsingum og áreiðanlegum mælingum um mat á skólastarfi.
4. Samstarfsmiðað. Sjálfsmatið sé unnið í samvinnu starfsfólks, nemenda, skólanefndar og foreldraráðs.
5. Umbótamiðað. Sjálfsmatið sé nýtt til að vinna að umbótum í skólastarfinu.
6. Árangursmiðað. Sjálfsmatið byggi sem mest á markmiðum sem eru mælanleg og geri kleift að meta árangur í ýmsum þáttum skólastarfs.
7. Stofnana- og einstaklingsmiðað. Sjálfsmatið þarf að taka til bæði skólans í heild og þeirra einstaklinga sem þar vinna.
8. Lýsandi. Sjálfsmatið feli í sér greinargóða lýsingu á starfsháttum og aðstæðum í skólanum.
9. Greinandi. Í sjálfsmatinu komi skýrt fram greining á styrk- og veikleikum skólans.
10. Opinbert (að hluta). Meginniðurstöður sjálfsmats komi fram í opinberri sjálfsmatsskýrslu.



2 Starfsemi skólans

2.1.1 Markmið og hlutverk

FSN er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2.grein laga nr. 92/2008 og skal starfsemi FSN þjóna því.

Einkunnarorð FSN eru framsækinn framhaldsskóli. Allt frá upphafi hefur skólinn unnið allar kennsluáætlanir með það fyrir augum að þær henti hvort sem er dagskóla- eða dreifnemendum. Þessi skipan hefur gert það að verkum að nemendur í dagskóla, framhaldsdeildinni á Patreksfirði og dreifnemendur sem eru í sama áfanga eru öll í sama hópnum. Áherslur í námi og kennslu taka mið af því að efla ábyrgð nemenda í námi og faglegan styrk kennara í starfi. Skólinn mun áfram stefna að því að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og nýtingu upplýsingatækni, með sérstakri áherslu á nám í dreifðum byggðum. Kappkostað er að starfsfólk sé hæft, sjálfsgagnrýnið, opið fyrir nýjungum og fái tækifæri til starfsþróunar.

Stjórn skólans er í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara. Skólanefnd markar áherslur í starfi skólans og stuðlar að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf. Skólanefnd staðfestir skólanámskrá, veitir umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun auk samráðs og eftirlits með starfi skólans. Við skólann starfar auk stjórnenda ráðgjafi sem sér um náms- og starfsráðgjöf (50%), fjármálastjóri (100%), deildarstjóri starfsbrautar, deildarstjóri framhaldsdeildar á Patreksfirði, starfsmaður framhaldsdeildar á Patreksfirði, ritari, húsvörður, kerfisstjóri, 3 ræstitæknar, 4 stuðningsfulltrúar og 16 framhaldsskólakennara. Í fylgiskjali 3 er viðauki við skólasamning fyrir árin 2015-2016 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Skólinn hefur markvisst unnið að breyttum áherslum sem byggja á því að sinna fyrst og fremst kjarnastarfsemi og draga þar með úr umfangi dreif- og fjarnemenda. Dreifnemendum fækkaði enn frekar og hélt skólinn áfram þeirri stefnu að auglýsa ekki dreifnám og sinnti nær eingöngu þeim dreifnemendum sem voru skráðir í skólann. Hvað varðar samstarf á milli skólastiga þá var samstarf á milli grunnskólans í Grundarfirði og FSN þar sem 10. bekkingar sóttu stærðfræðiáfanga og enskuáfanga við FSN. Nemendum í grunnskólum Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar bauðst einnig að taka stærðfræðiáfanga undir stjórn kennara síns skóla og í samstarfi við kennara í FSN..

Samnýting kennara á milli framhaldsskóla hélt áfram á vegum Fjarmenntaskólans og hefur Fjarmenntaskólinn ráðið Sólrúnu Guðjónsdóttur aðstoðarskólameistara FSN sem starfsmann Fjarmenntaskólans..

Áfram var unnið með nýjar námsbrautir á skólaárinu. Nýnemar haustið 2014 voru skráðir inn á nýjar brautir og nýnemar haustið 2015 voru allir skráðir á nýjar brautir. Verið er að ganga frá lokafrágangi á brautunum og verða þær sendar inn til samþykktar í júní 2016.

Unnið hefur verið samkvæmt vinnumat samkvæmt samningum ríkisins við Kí. Rekstur skólans hefur verið þyngri en fyrr og eru ástæðan fyrst og fremst nýir kjarasamningar kennara og vinnumat. Það er ánægjulegt að greina frá því að rekstur Framhaldsdeildar á Patreksfirði nú komin inn í skólasamning.



Haldið var áfram með innleiðingu á vendikennslu. Kennarar í FSN hafa verið að nýta sér vendikennslu sem hluta af kennsluaðferðum og í skólasamningi er það eitt af markmiðum FSN að vendikennsla sé nýtt í skólanum. Vendingám mun tvímælalaust styðja við stefnu skólans sem miðar að því að veita einstaklingsmiðaða þjónustu og stuðning við nemendur. Kennsluhættir miða við sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum og byggjast upp á verkefnavinnu nemenda. Ekki náðist að skoða sérstaklega hvernig innleiðingi á vendikennslu hefur gengið en sjálfsmatshópur mun skoða kennsluhætti sérstaklega haustið 2016 og þar með vendikennslu og leiðsagnarnám.

2.1.2 *Nám og kennsla*

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er framhaldsskóli með sveigjanlegt og nýstárlegt námsfyrirkomulag þar sem námsrýmin eru opin og allt nám er skipulagt með aðstoð kennslukerfisins „Moodle“. Frá stofnun skólans árið 2004 hefur hann verið leiðandi í breyttum kennsluháttum og í nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi. Þar af leiðandi tekur skipulag kennslunnar mið af þessu tvennu. Meginmarkmiðið með því að breyta kennsluháttum er að nám nemendanna verði skilvirkara – að þeir nái betri tókum á námsefninu. Með þetta að leiðarljósi eru notaðar aðferðir við kennsluna sem rannsóknir hafa sýnt að virka betur en hefðbundnar aðferðir. Þessar aðferðir eiga það allar sameiginlegt að megináherslan er á að nemendur séu sjálfir virkir í náminu þar sem það hefur komið í ljós að bestur árangur næst og nemendur læra mest þegar þeir þurfa að vinna í námsefninu og finna lausnir. Upplýsingatæknin er nýtt á margvíslegan hátt í náminu og fléttast inn í alla þætti skólastarfsins. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að nemandi tjái sig um efni áfangans bæði munnlega og skriflega. Námsmatið byggir á hugmyndum um leiðsagnarmat þar sem kennarinn er að meta vinnu nemenda frá viku til viku. Í nokkrum áföngum eru lokapróf.

2.1.3 *Námsmat*

Námsmat í Fjölbrautaskóla Snæfellinga er leiðsagnarmat en lítið er um lokapróf. Samkvæmt nýju [skóladagatali](#) fyrir skólaárið 2016-2017 verður ekki gert ráð fyrir sérstökum prófdögum heldur verður námsmat nú unnið jafnt og þétt alla önnina. Þessi breyting er til komin vegna afar slæmrar nýtingar á prófdögum og í viðræðum við kennara kemur fram að þeir þurfi ekki sérstaka prófdaga lengur heldur vinni þeir samkvæmt hugmyndum um leiðsagnarmat eða leiðsagnarnám. Það hefur verið nefnt áður í þessari skýrslu að kennsluhættir verði sérstaklega skoðaðir af sjálfsmatshópi í haust og mun þessi breyting að fella niður lokapróf verða skoðuð út frá sjónarhóli kennara og nemenda. Sagt hefur verið frá vinnu við leiðsagnarmat í skólanum í fyrri sjálfsmatsskýrslum og einnig má lesa um það á heimasíðu skólans:

<http://www.fsn.is/namogkennsla/namsmatogeynkunnir/Leidsagnarmat/>

Markmið skólans í leiðsagnarmati eru:

- Allur skólinn fylgi fyrirkomulagi leiðsagnarmats við mat á námi og ástundun nemenda
- Nemendur taki þátt í sjálfsmati samkvæmt persónubundinni námsáætlun
- Bæta námsárangur og ástundun



- Minnka brottfall
- Bæta líðan nemenda í skólanum
- Auka samvinnu kennara
- Skólinn verði í fararbroddi við þróun leiðsagnarmats

Einkenni leiðsagnarmats er að nemandinn er þátttakandi í námsmatsferlinu og leitast er við að gera námsmatið að órjúfanlegum hluta af námi hans. Matið þarf því að vera innbyggt í kennsluna og kennarar gera ráð fyrir námsmati um leið og kennsla er undirbúin. Megintilgangur leiðsagnarmats er að gera nemendur meðvitaða um það sem þeir læra, hvernig þeir læra og til hvers er ætlast af þeim. Leiðsagnarmat byggist á góðri endurgjöf frá kennurum sem nemendur geta nýtt sér til að verða meðvitaðir um eigin námsframvindu, skýrum markmiðum og matsviðmiðum til að nemendur geti vitað til hvers er ætlast af þeim. Nemendur fá tækifæri til að meta eigið nám með sjálfsmati svo þeir skilji tilganginn með námi sínu og hvað þarf til að ná árangri. Nemendur skila verkefnum jafnt og þétt alla önnina ásamt því að taka stuttar kannanir reglulega. Í skóladagatali fyrir skólárið 2016-2017 er ekki gert ráð fyrir lokaprófum eða prófum í lotuskilum. Þess í stað er gert ráð fyrir þremur umsögum á hvorri önn. Nemendur fá síðan lokaeinkunn í annarlok og sú einkunn verður í tölum.

Kennarar í FSN hafa haldið áfram að þróa leiðsagnarmat og vinna ötult þróunarstarf í því samhengi. Kennarar miðla nýjum hugmyndum og þekkingu til annarra í hópnum auk þess sem möguleikar í kennsluumsjónarkerfinu Moodle eru nýttir til hins ýtrasta. Má nefna að skólameistari í samvinnu við skólameistara FMOS skipulagði námskeið um leiðsagnarmat fyrir stjórnendur í framhaldsskólum. Var gerður að því góður rómur og í framhaldi af því námskeiði fóru aðstoðarskólameistari FSN og kennari úr FMOS í Framhaldskóla Norðurlands Vestra og kynntu leiðsagnarmat fyrir kennurum þar. Nokkrir kennarar og stjórnendur frá Menntaskólanum á Egilstöðum komu í heimsókn og fengu stutta kynningu á leiðsagnarmati og kennsluháttum skólans. Að lokum má nefna að skólameistari og aðstoðarskólameistari voru með kynningu á leiðsagnarmati á Keili-Háskólabrú.

Sjálfsmatshópur hefur rætt að það sé bæði nauðsynlegt og áhugavert að skoða hvort FSN er að ná þeim markmiðum sem sett hafa verði í leiðsagnarmati og það er stefnt að því að sú úttekt verði sett inn í sjálfsmatsáætlun næsta haust.

2.1.4 **Þróunarvinna**

Vinna við breytingar samkvæmt nýrri námskrá hélt áfram veturinn 2015-2016. Nú geta nemendur valið um þrjár námsbrautir: Raunvísindabraut, Félags- og hugvísindabraut og Opna braut. Framhaldsskólabraut er fyrir nemendur sem ekki ná tilgreindum hæfniviðmiðum til að hefja nám á stúdentsbraut. Starfsbraut er starfandi við skólann fyrir nemendur með fötlunargreiningu

2.1.5 **Nýir áfangar**

Kennarar hafa verið að vinna að nýjum áföngum og má til dæmis nefna áfangann SNÆF2EJ05 en hann ber heitið Eyrbyggja og jarðfræði Snæfellsness. Áfanginn er þverfaglegur og áhersla er lögð á jarðfræði Snæfellsness, Eyrbyggjasögu og þjóðsögur af svæðinu. Jarðfræði og íslenska mynda meginstöðir áfangans. Það má



segja að þessi áfangi sé arftaki áfangans Fjöllin og fjórðurinn eða FFÉG1SA05 en sá áfangi hefur verið tilraunakenndur undanfarnar annir. Þessi breyting var meðal annars gerð með tilliti til niðurstaðna úr könnunum sem unnar voru af sjálfsmatshóp.



2.1.6 Áherslur á sköpun og listir

Ein af nýjum brautum skólans fékk heitið Listnámsbraut. Eftir reynslu síðustu tveggja skólaára hefur verið ákveðið að leggja þá braut niður. Nemendur sem vilja bæta við sig námi í listum geta nýtt möguleika á Opinni braut til að fá listnám metið til stúdentsprófs.

Það var sérstaklega ánægjulegt að geta boðið aftur upp á áfangann Stórsveit Snæfellsness. Áfanginn miðar að því að nemandi taki þátt í samspili með hópi nemenda í hljóðfærleik. Áhersla er á samvinnu í hljóðfærleik og tónlistarflutningi. Kennslustundir eru notaðar til æfinga og efnið sem æft er einnig heimavinna nemanda. Í lok annar mun hópurinn flytja tónlist fyrir áheyrendur sem hluta af lokaekinnun en mæting og árangur miðast einnig af lokaekinnun.

3 Ytri úttekt

Ytri úttekt var gerð á skólanum í annað sinn en fyrsta ytri úttektin var gerð árið 2007. Sjálfsmatshópur vann náðið með úttektaraðilum og vann umbótaáætlun eftir að niðurstöður voru ljósar. Helstu niðurstöður eru í fylgiskjali 4 og umbótaáætlun er í fylgiskjali 5. Umbótaáætlun var kynnt á starfsmannafundi í lok annar.

4 Stofnun ársins

Fjölbrautaskóli Snæfellinga tók þátt í könnuninni Stofnun ársins. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem það er gert en sjálfsmatshópur skólans mun nýta niðurstöður úr þessari könnun í vinnu við innra mat og úrbætur skólaárið 2016-2017. Könnunin er framkvæmd af Capacent fyrir fjármála--og efnahagsráðuneyti. Stofnunin flokkast með meðalstórum stofnunum með 20-49 starfsmenn. Góð þátttaka var í



könnunni en svarhlutfall var 93%. Rýnt verður í niðurstöður á haustönn 2016 og umbótaáætlun unnin af sjálfsmatshóp.

5 Húsfundur með nemendum og starfsfólki skólans

Í aprílmánuði árið 2016 var haldinn húsfundur í skólanum undir stjórn utanaðkomandi verkefnastjóra. Þátttakendur í fundinum voru nemendur, kennarar og starfsfólk. Vinnulag fundarins var hugmyndavinna í breytilegum hópum og komu fjölmargar hugmyndir að breytingum á skólahúsnæðinu fram. Verið er að vinna ítarlegar úr hugmyndunum en þær voru kynntar á fundi í matsal skólans. Glærurnar má nálgast hér.

6 Skólaráð

Í niðurstöðum ytri úttektar sem gerð var í FSN haustið 2015 kom fram að skólafélagið væri ekki virkur hagsmunaaðili fyrir nemendur. Til að koma til móts við þessa ábendingu var sett inn í umbótaáætlun að blása lífi í skólaráðið þar sem fulltrúi nemenda ætti sæti. Unnið verður samkvæmt reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum og aðalnámskrá framhaldskóla.

7 Sjálfsmat í Fjölbrautaskóla Snæfellinga

Sjálfsmatsverkefni skólaársins 2015/2016 voru unnin samkvæmt þriggja ára áætlun sem samþykkt var haustið 2006 og hefur verið endurskoðuð árlega. Sjálfsmatsáætlunina er að finna á heimasíðu skólans <http://www.fsn.is/sjalfsmat/sjalfsmatsaaetlun/>.

Þættir sem voru á dagskrá sjálfsmatsáætlunar á skólaárinu 2015/2016:

Haustönn 2015

- Kennslumat (1/3). Fyrirkomulagið við matið var á þann veg að miðum með beiðni um eitt jákvætt atriði varðandi áfangann og eitt atriði sem þarfnaðist lagfæringar var dreift í kennslustund.
- Upplýsingar um námsárangur (skimun skólameistara.)
- Sjálfsrýni kennara: Mat í lok annar.
- Viðhorfskönnun og rýniviðtöl við útskriftarnemendur.
- Söfnun ganga (fjöldi nemenda, starfsmanna, brautir og kyn nemenda).
- Innleiðing nýrrar námsskrár
- Ytra mat skóla
- Rannsókn á gengi útskrifaðra nemenda. Þetta efni var á áætlun en ekki vannst tími til að sinna því og það verður því flutt yfir á næsta skólaár.

Vorönn 2016

- Kennslumat (1/3). Sama fyrirkomulag og á haustönn.
- Upplýsingar um námsárangur (skimun skm.)
- Viðhorfskönnun – líðan – aðstaða – skipulag kennslu.
- Sjálfsrýni kennara – Mat í lok annar.



- Viðhorf útskriftarnema, könnun og rýniviðtöl.
- Söfnun ganga (fjöldi nemenda, starfsmanna, brautir og kyn nemenda).
- Rannsókn á gengi útskrifaðra nemenda. . Þetta efni var á áætlun en ekki vannst tími til að sinna því og það verður því flutt yfir á næsta skólaár.
- Innleiðing nýrrar námsskrár
- Áætlun um umbætur
- Brottfall . Skólinn fékk styrk til að vinna gegn brotthvarfi.Áætlun hefur verið gerð þar sem unnið verður með kvíða, námstækni og umsjón verður efl. Sjálfsmatshópur mun fylgjast með þessu verkefni næsta haust.


Það náðist ekki að gera sérstaka úttekt á kennsluháttum kennsluaðferðum og verður það verkefni væntanlega tekið upp á nýju skólaári. Það er bæði nauðsynlegt og áhugavert að rýna betur í hvernig innleiðing nýrra kennsluhátta hefur gengið fyrir sig og afla upplýsinga um það bæði hjá kennurum og nemendum.



7.1.1 Töluleg gögn um skólastarfið

Á haustönn 2015 stunduðu 215 nemendur nám við skólann. Í nemendahópnum voru 96 drengir og 119 stúlkur. Á vorönn 2016 stunduðu 203 nemendur nám við skólann, en af þeim voru 111 drengir og 92 stúlkur.

Nemendafjöldi eftir brautum sést hér fyrir neðan. Haustið 2016 mun þriðji árgangur nýnema hefja nám samkvæmt nýjum brautarlýsingum.



Á haustönn 2014 og vorönn 2015 voru starfsmenn skólans 30 í 20 stöðugildum.

7.1.2 Um námsárangur

Ákveðið var 2007 að hætta að taka saman heildarupplýsingar um námsárangur, einkunnir og fall. Sjálfsmatshópur lagði þá áherslu á að einhver yfirsýn fengist um námsárangur og skólameistari kannaði árangur í einstökum hópum, skimaði einkunnir og skoðaði nánar þau tilvik sem þörfuðust skoðunar, með kennurum eða nemendum. Þeirri aðferð hefur verið beitt síðan og var það einnig svo á skólaárinu 2015-2016.





7.1.3 Kennslumat

Samkvæmt framkvæmdaáætluninni um sjálfsmat er stefnan sú að meta kennslu hjá þriðjung kennarahópsins á hverri önn. Kennarar fara síðan í viðtal til skólameistara og þar eru niðurstöður úr kennslumati ræddar, auk niðurstaðna úr sjálfsmati sem kennarar eru beðnir að gera fyrir viðtalið. Skólameistari og kennari koma sér síðan saman um framhaldið, ræða til dæmis hugmyndir um endurmenntun eða þróun kennarans í starfi og hvort einhverjar áherslubreytingar eru æskilegar varðandi starf kennarans. Þriðjungur kennarahópsins var metinn á haustönn 2015 og annar þriðjungur á vorönn 2016. Áður hafa þessar kannanir verið lagðar fyrir í LimeSurvey í þeim áföngum sem viðkomandi kennari hefur kennt. Farið var inn í kennslustundir í áföngum sem viðkomandi kennari kenndi og nemendum afhentir miðar þar sem þeir voru beðnir að nefna eitt jákvætt atriði við áfangann og eitt atriði sem betur mætti fara. Unnið var úr þessum kennslukönnunum og niðurstöður sendar til skólameistara sem fór yfir niðurstöðurnar með viðkomandi kennara. Eftir hvora önn skiluðu kennarar áfangaskýrslum til skólameistara.

7.1.4 Sjálfsrýni kennara


Þessum þætti var ekki gerð sérstök skil af sjálfsmatshópnum en minnt á að kennarar vinna sjálfsmat og skila allir kennarar kennsluskýrslu til skólameistara í lok hverrar annar. Í þessari kennsluskýrslu er farið fram á að kennarar rýni í eigin kennslu og kennsluaðferðir, skrifi niður hugmyndir um það sem má breyta og dragi fram það sem vel heppnaðist. Efni skýrslunnar er síðan rætt í starfsmannaviðtali við skólameistara. Sjálfsmatshópur ákvað að breyta formi þessarar skýrslu og gera það einfaldara og vonandi skilvirkara. Sjá fylgiskjal 1.

7.1.5 Viðhorfskönnun

Viðhorfskönnun er lögð fyrir alla nemendur skólans á hverri vorönn þar sem ýmsir þættir eru kannaðir, s.s. líðan nemenda, viðhorf þeirra til aðstöðunnar í skólanum og til skipulags kennslunnar. Megintilgangur þessara kannana er að taka púlsinn á líðan nemenda í skólanum og viðhorfum þeirra gagnvart skólanum og að geta þannig metið stöðuna með nokkurri vissu og þá brugðist við eftir þörfum. Könnunin er megindeg, í formi spurningalista, sem er sendur nemendum í gegnum LimeSurvey en þeir hafa u.þ.b. viku til að svara. Sjálfsmatshópur FSN ásamt kennurum skólans hefur hvatt nemendur til að svara, þar sem nemendum er ætlaður tími til að vinna þetta í ákveðinni kennslustund. Sjálfsmatshópur FSN tekur spurningalistann, sem notaður er, til gagnrýninnar umræðu á hverri önn. Niðurstöður eru síðan kynntar á kennarafundi og nemendur fá kynningu á niðurstöðum á húsfundi.

7.1.6 Viðhorfskönnun vorannar

Viðhorfskönnun vorannar fór fram í apríl 2016. Þátttaka í könnuninni var 32% sem var svipuð og árið áður en heldur hærra svarhlutfall en árin 2013 og 2014. Helstu niðurstöður voru þær að um 89 af hundraði svarenda líður mjög vel eða frekar vel í skólanum. Um 84 af hundraði svarenda lýsa einnig yfir ánægju með veru sína í skólanum. Þessi hlutföll hafa lækkað milli ára.



Um 4,6% svarenda telja sig einhvern tímann hafa orðið fyrir einelti í FSN á skólagöngu sinni og 12,3% svarenda telja sig hafa horft upp á einelti innan veggja skólans.


Nemendur framhaldsdeildar finna sig ekki sem hluta af hópnum þegar þeir koma í skólann í Grundarfirði og finnst eins og aðrir nemendur líti á þá sem aðskotahluti.




7.1.7 Samanburður viðhorfskannana

Samanburður og samantekt


Þeir nemendur sem svara viðhorfskönnunum okkar í FSN eru yfirleitt jákvæðir í garð skólans. Jákvæðnin á við sama hvort heldur spurt er um áhuga nemenda á náminu, fyrirkomulag námsmats eða gæði kennslunnar. Milli árána 2015 og 2016 er áberandi fjölgun þeirra nemenda sem notfæra sér verkefnatíma. Þetta gæti tengst því að skólaárið áður voru verkefnatímar styttri eða 35 mínútur í stað 60 mínútna nú.




Á milli ára hafa orðið áberandi aukning þess að nemendur vinni alla eða meirihluta verkefnavinnunnar í skólanum. Það gæti tengst því að sú breyting var gerð á verkefnaskilum að skiladagur allra verkefna var kl. 18.00 á föstudögum auk þess sem sein skil voru bönnuð.




Almenn ánægja er með aðstöðu til náms í skólanum og hefur þar ekki orðið mikil breyting á síðastliðin ár.




Um 75% svarenda líkar maturinn og þjónustan í mótuneytinu mjög vel eða vel. Meiri óánægju gætir um þjónustu skrifstofu nú en áður



Nemendur virðast skoða tölvupóst sinn reglulegar en á fyrra ári.



Aukinnar óánægju gætir með félagslíf innan skólans.



7.1.8 Könnun á viðhorfum útskriftarnema FSN veturinn 2015-2016


Átján útskriftarnemendur svöruðu könnun sjálfrmatshóps veturinn 2015-2016. Þessi könnun er lögð fyrir útskriftarnemendur á hverri önn og er þetta í fimmta sinn sem hún er framkvæmd. Það er skoðað hvernig nemendum finnst þjónustan í skólanum, skólabragurinn, kennslan og kennarar ásamt náminu í heild.

Meðal þess sem kom fram í þessari könnun 37% svarenda stefna á áframhaldandi nám strax að loknu stúdentsprófi en 58 % eftir smá hvíld frá námi. Einn nemandi hyggur ekki á frekara nám að loknu stúdentsprófi.



Flestir útskriftarnema voru á þeirri skoðun að námsráðgjöfin í skólanum hefði nýst þeim vel, andinn í skólanum góður og samskipti þeirra og annarra nemenda góð. Nemendur gáfu skólanum einkunn og meðaleinkunnin var 8,3 sem er hækkun frá fyrra skólaári. Félagslífið í skólanum fékk líka einkunn en meðaleinkunnin þar var 8,2 sem er hækkun um einn heilann frá fyrra skólaári, en er ekki í samræmi við niðurstöður viðhorfskönnunar skólaársins. Flestir nemendur voru einnig ánægðir með kennara skólans, en þeir fengu meðaleinkunnina 8,1 sem er hækkun milli ára.

Af þeim sem svöruðu þessari könnun vildi meginhluti mæla með skólanum við aðra.



7.1.9 **Rýniviðtöl við útskriftarnema FSN veturinn 2015-2016**

Tekin voru tvö rýniviðtöl við ellefu útskriftarnemendur, sjö að hausti og fjóra að vori. Þar kom m.a. fram að nemendum þykir gott að hafa námið verkefnaþema og að flestir nemendur lesa umsagnir við verkefni og nýta sér þær til náms. Fram kom að nemendur telja vinnulag skólans kenna þeim sjálfstæð vinnubrögð og undirstrika að nám sé á ábyrgð hvers nemanda. Í viðtali í lok haustanna kom fram að nemendum þættu kennarar of eftirgefanlegir og að nemendur þyrftu að læra að axla ábyrgð. Í viðtali í lok voranna kom fram almenn ánægja með breyttan skilafrest verkefna.

7.1.10 **Rýniviðtal við nemendur framhaldsdeildar á Patreksfirði í nóvember 2015**

Viðtal var tekið við fimm nemendur framhaldsdeildar, tvo nýnema, tvo annars árs nema og einn þriðja árs nema. Í hópnum voru þrjár stúlkur og tveir dregnir.

Nemendur voru almennt ánægðir með kennsluhætti í skólanum en kvörtuðu svolítið yfir því að gleymast í fjarfundum. Einnig kom fram að kennarar ættu það til að vera of seinir að bregðast við á Skype þó það ætti ekki við um alla. Þau kvarta undan því að það sé þröngt um nemendur í litlu húsnæði. Fram kom ánægja með að hafa



kennara á staðnum sem getur aðstoðað við stærðfræði. Nemendur eru ánægðir eru með ferðirnar í Grundarfjörð og segja gott að gista í Stykkishólmi.

8 Styrkleikar, veikleikar og úrbætur

Eins og komið hefur fram í þessari skýrslu þá var gerð ytri úttekt í FSN á haustönn 2015. Eftir þá úttekt gerði sjálfsmatshópurinn umbótaáætlun og nú þegar er farið að vinna eftir þeirri áætlun og við munum fylgja henni næsta vetur.

8.1.1 *Veikleikar*

Helstu veikleikar sem koma fram eru þeir að viðbrögð séu nægilega markviss og skilgreind og að ákveðnar brotalamir séu á skilgreiningu verkefna. Er þar átt við viðbrögð við brotum á skólareglum, einelti og brottfalli. Einnig vantar skólann nægilega skýr matsviðmið til þess að meta stöðuna frá ári til árs þrátt fyrir að aðferðir við sjálfsmat séu fjölbreyttar. Einnig þarf að bæta hvernig niðurstöður sjálfsmats eru settar fram og bæta greiningu gagna. Það höfum við reynt að gera í þessari sjálfsmatsskýrslu og munum halda áfram á þeirri braut.

Þá kom fram í skýrslu ytri úttekt að búnaður í verklegum stofum til raungreinakennslu sé ófullnægjandi. Þar sem kennurum með menntun á raungreinasviði hefur fjölgað í skólanum munum við sjá fram á að þetta standi til bóta.

Það er bent á það í ytri úttekt að formleg stefna skólans sé ekki nógu skipulögð og virkja megi mannauð skólans mun ákveðnar til stefnumótunar. Einnig er bent á að markvissa endurgjöf vanti á kennslu- og kennsluhætti þó svo að kennarar séu hvattir til nýbreytni og endurmenntunar.

Sjálfsmatshópur FSN greindi veikleika í hvernig við tökum á móti nemendum Framhaldsdeildar og hvernig samskipti kennara eru við nemendahópinn í deildinni.

Fækkun nemendaígilda er áhyggjuefni og það gerir okkur erfiðara fyrir að taka inn dreifnemendur. Um leið og nemendaígildum fækkar minnka möguleikar á fjölbreyttu námsframboði og þetta þarf að skoða.

8.1.2 *Styrkleikar*

Styrkleikar FSN eru fjölmargir. Það kemur fram í ytri úttekt og viðhorfskönnunum og rýnihópum að andinn í skólanum er góður og líðan nemenda er almennt góð og samskipti milli nemenda og starfsfólks eru góð og nemendur upplifa samskipti á þeim vettvangi alla jafnan sem sanngjörn og lýðræisleg. Fagmenntaðir kennarar annast kennslu í nær öllum áföngum og kennslustundir eru skipulagðar með því markmiði að þær nýtist jafnt nemendum í staðarnámi og fjarnámi. Grunnþáttum menntunar er vel sinnt í daglegu starfi og námskipulag byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum, sjálfstæði, jafnræði og sköpun meðal nemenda.

Í viðhorfskönnunum og rýnihópum kemur fram að nemendur eru ánægðir með kennsluna og þeim líður vel í skólanum. Verkefnatímar eru betur nýttir en fyrr og brottfall hefur minnkað.



8.1.3 *Umbætur og tækifæri*

Sjálfsmatshópur vann umbótaáætlun í framhaldi af ytri úttekt og er hún í fylgiskjali 5. Við munum halda áfram að finna nýjar leiðir til að uppfylla markmið sem gerð voru í skólasamningi fyrir árin 2015-2016. (Fylgiskjal 3). Samkvæmt þeim samningi höfum við ekki kynnt dreifnám skólans fyrir nemendum 18 ára og eldri en við höfum vilja til að fá þessum samningi breytt þar sem það hentar skóla eins og FSN vel að bjóða upp á dreifnám þar sem kennsluhættir bjóða upp á að dreifnemendur séu hluti af námshópum í dagskóla og með því gætum við haldi námsframboði óbreyttu.

Við höfum aukið samstarf á milli skólastiga. Tveir fundir voru haldnir með skólastjórnendum á Snæfellsnesi og samstarf næsta vetrar skipulagt. Eins og áður fór skólameistari og námsráðgjafi á fundi með foreldrum á öllu upptökusvæði skólans og námsráðgjafi hitti alla nemendur 10.bekkjar á svæðinu. Við tókum upp þá nýbreytni að hafa Framhaldsskólahremi en nemendum 10.bekkja var boðið að koma og vera nemendur í FSN einn dag. Mæltist þetta vel fyrir hjá nemendum. Einnig var opið hús í FSN þar sem foreldrar, væntanlegir nemendur og aðrir áhugasamir gátu komið og litið við á venjulegum skóladegi.

Vinna við að finna samstarfsflöt fyrirtækja og stofnana og FSN hefur legið niðri en væntanlega verður sú vinna tekin upp á næsta skólaári með vinnustaðanáám í huga.

Samstarf í Fjarmentaskólanum hefur haldið áfram og hafa skólar skipt nemendum á milli sín, þ.e. ef FSN býður ekki upp á áfanga sem nemenda vantar í námsferilinn sinn, þá býðst honum að sækja nám í einhverjum af hinum Fjarmentaskólunum.

Nýjar námsbrautir hafa verið endurskoðaðar og eru nú í samþykktarferli hjá ráðuneyti. Það verður spennandi verkefni næsta vetur að fylgjast með hvernig grunnþáttunum reiðir af á nýjum brautum.

Við munum halda áfram að innleiða vinnumat kennara og upplýsa kennara enn frekar.

Við munum halda áfram að innleiða vendikennslu þannig að skólinn geti lýst því yfir að vendikennsla sé nýtt í skólanum. Til þess þurfum við fleiri námskeið fyrir kennara en einar Menntabúðir voru í vetur og samstarfsdagur var haldinn á vinnudögum í vor þar sem kennarar í MTR og kennarar í FSN báru saman bækur sínar. Kennsluhættir í þessum skólum eru mjög líkir og því hentar vel samræða á milli þessara kennarahópa.

Vinna við verkferla verður haldið áfram í samræmi við umbótaáætlun (Fylgiskjal 5). Skólameistari sótti námskeið um INNU og stefnt verður að því að virkja enn betur þá möguleika sem þetta kerfi býður upp á til að halda utan um nám og námsframvindu nemenda og styðja umsjónarkennara til að grípa inn í þegar þurfa þykir.



Skólaráð hefur fundað í vetur og munu fundir þess verða reglulega næsta skólaár og samráðsfundir kennara verða skipulagðir þannig að unnið verði að stefnumótun skólans. Húsfundir verða haldnir á hverri önn með nemendum og starfsfólki. Vinna gegn brottfalli verður enn markvissari á næsta skólaári og munu umsjónarkennarar og námsráðgjafi ásamt sálfræðing skólans verða í lykilhlutverki í þeirri vinnu.

Skólinn kom vel út í könnuninni Stofun ársins og við erum full bjartsýni. Í skólanum starfar vel menntað fólk sem vill hag skólans sem bestan og það ríkir góður andi í hópi starfsfólks og nemenda.



9 Fylgiskjal 1 – Sniðmát fyrir kennsluskýrslu kennara í annarlok

Áfangi / hópar	Önn	Kennari

Tengill á áfangalýsingu í namskra.is:

Yfirferð:

Aðbúnaður:

Námsgögn:

Nýjungar/breytingar næst þegar áfanginn verður kenndur:

Annað/Athugasemdir kennara:

Námsmat:

	Skráðir voru skv. INNU 2.febr.2016	Stóðust áfangann	Féllu í áfanganum	Meðaleinkunn
Fjöldi nemenda sem;				

I. Einkunnir og einkunnadreifing:

Stöplarit úr INNU – undir Einkunnadreifing, skjáskot



10 Fylgiskjal 2 – Spurningarammi fyrir umræður í rýnihóp

Nám og kennsla í FSN
<ol style="list-style-type: none">1. Hvernig eru kennsluhættir í FSN?2. Hvaða aðferðir eru notaðar við kennslu í FSN?3. Verkefnamiðað nám:<ol style="list-style-type: none">a. Hópavinna: kostir og gallar?b. Einstaklingsverkefni: kostir og gallar?c. Fjölbreytni í verkefnaskilum og verkefnum?d. Sein skil: bönnuð eða leyfð?4. Fyrirlestrar: er mikið um þá, hvað er mikið, viljið þið meira eða minna?5. Á að taka upp fyrirlestra og gera þá aðgengilega á netinu?6. Fáíð þið góða kennslu: hvað er góð kennsla, hvað er léleg kennsla?
Verkefnatímar í FSN
<ol style="list-style-type: none">1. Hvað finnst ykkur um verkefnatíma ?2. Sækið þið hjálp til kennarans?3. Ætti að vera skyldumæting?4. Stundataflan, hvað finnst ykkur um hana, ætti hún að vera sveigjanleg?
Námsmat
<ol style="list-style-type: none">1. Hvernig mynduð þið lýsa námsmati í FSN?2. Hvað finnst ykkur um umsagnir og einkunnir?3. Hvernig nýtið þið umsagnir?4. Hvað finnst ykkur um jafningjamat og sjálfsmat?5. Er námsmatið fjölbreytt?6. Próf eða símat, hvort kjósið þið?
Skólabragurinn í FSN
<ol style="list-style-type: none">1. Hver er upplifun ykkar af skólabrag í FSN?2. Hvernig er andinn/móralinn?
Almennt
<ol style="list-style-type: none">1. Hvernig myndir þú lýsa FSN fyrir ókunnugum og/eða nýjum nemendum?2. Hvað er jákvætt við FSN?3. Hvað mætti betur fara?



11 Fylgiskjal 3.

Viðauki við skólasamning fyrir árin 2015 og 2016 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Fjölbrautaskóla Snæfellinga

Markmið

1. Aðlaga starfsemi FSN að breyttum áherslum sem byggja á því að sinna fyrst og fremst kjarnastarfsemi og draga þar með úr umfangi dreif- og fjarnemenda. Þessu markmiði verði náð m.a. með:
 - i. Dragga úr kynningu á dreifnámi skólans fyrir 18 ára og eldri.
 - ii. Auka samstarf á milli skólastiga.
 - iii. Finna samstarfsflöt fyrirtækja, stofnana og FSN með vinnustaðanám í huga.

2. FSN stefnir að samnýtingu kennara á milli framhaldsskóla. Skólinn hefur leitt Sprotaverkefni í vetur þar sem unnið var með hugmyndir til þess að þetta geti orðið að veruleika.
 - i. Semja við annan framhaldsskóla um útfærslu fjarnáms er byggir á hugmyndum um mentor.
 - ii. Semja við annan framhaldsskóla um samnýtingu kennara þ.e. að einn og sami kennarinn hafi vinnuskyldu í tveim skólum.

3. Að styrkja nýjar námsbrautir í sessi á samningstímanum.
 - i. Halda áfram kynningum á nýjum námsbrautum og þeim hugmyndum sem þær byggja á.
 - ii. Fylgjast með hvernig grunnþáttunum reiðir af á nýju brautum.
 - iii. Sækja um breytingar á brautum ef þurfa þykir.

4. Innleiða vinnumat kennara.
 - i. Vinna mat á hverjum áfanga fyrir sig í samvinnu við kennara.
 - ii. Finna út hvaða aðra vinnu kennarinn geti innt af hendi ef hann nær ekki ráðningarhlutfalli sínu með tiltekinni kennslu.
 - iii. Halda öllum upplýstum um framgang þessa nýja fyrirkomulags.

5. Að reksturinn verði í samræmi við fjárlög 2015-2016.
 - i. Aðhald í almennum rekstri.
 - ii. Halda launakostnaði á sömu nótum og verið hefur þrátt fyrir óvissuna sem af nýju vinnumati leiðir.
 - iii. Endurskoða rekstur framhaldsdeildarinn á Patreksfirði.

6. Innleiða vendikennslu.
 - a. Hafa námskeið fyrir kennara þar sem þeir læra aðferðir sem nýtast í vendikennslu.
 - b. Innleiða vendikennslu í nokkrum áföngum.
 - c. Hafa vinnufundi með kennurum þar sem þeir æfa aðferðir vendikennslu.
 - d. Skólinn lýsir yfir því að vendikennsla sé nýtt í skólanum.



12 Fylgiskjal 4. Helstu niðurstöður úr ytra mati á FSN

Heildarniðurstöður

- Formleg stefna FSN kemur vel fram í daglegum starfsháttum skólans. Hins vegar er vinna að gerð hennar lítið skipulögð og virkja má mannauð skólans mun ákveðnar til stefnumótunar. Að sama skapi skortir talsvert á að gerðar séu skipulegar áætlanir um framkvæmd og eftir atvikum tilgreindir ábyrgðaraðilar þeirrar stefnu sem mörkuð er.
- Fjölbrautaskóli Snæfellinga er fámennur skóli með litla yfirbyggingu. Boðleiðir innan skóla eru mjög stuttar, traust til stjórnenda er mikið og samskipti jafnan til fyrirmyndar. Skólameistari nýtur virðingar og lítið er til hans sem faglegs leiðtoga kennarahópsins.
- Grunnþáttum menntunar er vel sinnt í daglegu starfi. Námsskipulag byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum, sjálfstæði, jafnræði og sköpun meðal nemenda.
- Ákveðnir brotalamir eru á skilgreiningu verkferla, til dæmis um viðbrögð gegn einelti.
- Skólinn hefur það að markmiði að minnka brottfall og samkvæmt sjálfsmatsskýrslu skólans 2013–2014 hefur skráning þess batnað en enn skortir á að viðbrögð séu nægilega skilgreind og markviss.
- Aðferðir skólans við framkvæmd sjálfsmats eru fjölbreyttar. Aftur á móti verður þess ekki vart að skólinn hafi sett sér skýr matsviðmið til þess að meta stöðuna með sambærilegum hætti frá ári til árs ellegar til lengri tíma. Niðurstöður sjálfsmats eru notaðar til umbóta á skólastarfinu en framsetningu niðurstaðna og greiningu gagna má bæta.
- Námsbrautir skólans uppfylla skilyrði aðalnámskrár um grunnþætti og lykilhæfni og þær eru kynntar með fullnægjandi hætti á heimasíðu hans. Fagmenntaðir kennarar annast kennslu í nær öllum áföngum. Fækkun nemendaígilda hefur leitt til þess að umsækjendur eldri en 25 ára eiga síður möguleika á skólavist en áður.
- FSN er opin skóli er býr um margt við óhefðbundna og óvenjulega kennsluhætti sem ganga út frá miklu sjálfstæði og frumkvæði nemenda og einstaklingsbundinni leiðsögn eftir því sem kostur er. Kennslustundir eru skipulagðar með mismunandi hætti með það að markmiði að þær nýtist jafnt nemendum í staðarnámi og fjarnámi sem fram fer í námsveri á Patreksfirði.
- Kennarar eru hvattir til nýbreytni og endurmenntunar í starfi en markvissa endurgjöf á kennslu og kennsluhætti fá þeir hvorki frá kollegum sínum né öðrum matsaðilum þótt mikið sé um óformlegt samráð þeirra í milli.
- Námsaðstæður eru um margt góðar í FSN. Í skólanum er fyrirtaks netsamband og víða eru afdrep fyrir nemendur til þess að sinna námi sínu, einir eða með öðrum. Búnaður í verklegum stofum til raungreinakennslu (eðlis-, efna- og líffræði) er ófullnægjandi og þá er ekkert skólabókasafn þótt handbókum af ýmsu tagi sé komið fyrir í hillum hér og hvar.
- Almenn góð líðan nemenda og jákvæð samskipti skila sér vel inn í kennslustundir því nemendur upplifa samskipti á þeim vettvangi alla jafnan sem sanngjörn og lýðræðisleg.



13 Fylgiskjal 5. Umbótaáætlun unnin í framhaldi af ytri úttekt.

Ytri úttekt á Fjölbrautaskóla Snæfellinga haustið 2015

Athugasemdir úttektaraðila og leiðir til úrbóta.

Umbótaáætlunin er unnin af sjálfsmatshópi Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Sjálfsmatshópin skipa: Erna Guðmundsdóttir, Kristín Rós Jóhannesdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir.

1. Stjórnun og skipulag			
Athugasemd úttektaraðila	Leið til úrbóta	Tímasetning	Ábyrgðaraðili
Virkja þarf mannauð skipulegar og betur við stefnumótun innan skólans.	Skólaráð verði virkjað með skipulegri hætti en hingað til. Skv. lögum frá 2008 er hlutverk þess m.a. að vera skólameistara til ráðgjafar við stefnumótun.	Fundir skólaráðs verða fastir í skóladagatali frá hausti 2016.	Skólameistari og skólaráð.
	Reglulegir húsfundir þar sem nemendur og starfsfólk vinna við stefnumótun.	Húsfundir verða fastir a.m.k. einu sinni á önn.	Skólameistari og aðstoðar-skólameistari.
Gera þarf skipulegar áætlanir um framkvæmd formlegrar stefnumótunar og markmiðssetningar.	Sett verði niður verkáætlun fyrir hverja önn um hvernig stefnumótun verður framkvæmd.	Skipulag og dagskrá samráðsfunda ákveðin að hausti 2016.	Skólameistari og aðstoðar-skólameistari.
Vantar verklagsreglur um helstu verkferla	Áframhaldandi vinna við heimasíðu skólans.	Skólaárið 2016 – 2017.	Skólameistari og skólaritari.
Eftirliti með að farið sé að verkferlum ábótavant.	Sett fram í verkferlum hvaða aðili hefur yfirumsjón með hverjum þætti.	Skólaárið 2016-2017.	Skólameistari.
Viðbrögð vegna brottfalls eru ekki nægilega skilgreind og markviss.	Í framhaldi af styrkveitingu er verið að vinna að áætlun um aðgerðir gegn brottfalli.	Skólaárið 2016 – 2017.	Aðstoðarskólameistari og námsráðgjafi.
Ekki skýr sjálfsmat sviðmið til þess að meta stöðuna með sambærilegum hætti frá ári til árs ellegar til lengri tíma.	Sjálfsmatshópur mun vinna að því að skerpa viðmiðin samhliða frágangi sjálfsmatsskýrslu þessa skólaárs.	Maí 2016.	Sjálfsmatshópur.



Framsetning sjálfsmatsgagn og greiningu þeirra ábótavant.	Viðhorfskönnun verður skipt í tvennt þannig að helmingur atriða komi til mats á haustönn og helmingur á vorönn.	Haustönn 2016.	Sjálfsmatshópur.
	Bera saman til lengri tíma og reyna að finna skýringar á breytingum yfir tímabil.	Maí 2016.	Sjálfsmatshópur.

2. Kennsla og námsframboð

Athugasemd úttektaraðila	Leið til úrbóta	Tímasetning	Ábyrgðaraðili
Skólinn gerir hvorki grein fyrir námsmatsviðmiðum sínum né matskvörðum.	Til að gera námsmatsviðmið skýrari verða kennsluáætlanir birtar á heimasíðu skólans.	Haust 2016.	Skólaritari.
	Skráð námsmatsviðmið fylgi útskriftarskírteinum og verði sýnileg á heimasíðu skólans.	Vor 2016.	Skólameistari, aðstoðarskólameistari og skólaritari.
Endurgjöf á kennslu og kennsluhætti er fremur ómarkviss.	Settar upp verklagsreglur.	Upphaf haustannar 2016.	Sjálfsmatshópur.
Námsmatsviðmið og matskvarða þarf að gera skýrari.	Setja skýringar við matskvarða á heimasíðu skólans.	Haustönn 2016.	Skólameistari, aðstoðarskóla-meistari og skólaritari.
Starfsbraut býr við þröngan húskost og verknámsaðstaða hennar er utan skólans.	Nemendur starfsbrautar stunda töluvert starfsnám innanhúss, t.d. með flokkun sorps og frágangi í matsal. Verknám við raunaðstæður, utan skólans er tvímælalaust kostur, þar sem hlutverk skólans er að gera nemendur starfsbrautar hæfari þegna í lýðræðissamfélagi.	Á húsfundi sem haldinn var með nemendum og starfsfólki í apríl 2016 komu upp ýmsar hugmyndir um möguleika þess að færa starfsbraut á annan stað innanhúss. Þær hugmyndir munu verða metnar enn frekar við úrvinnslu niðurstaða fundarins.	Skólameistari og deildarstjóri starfsbrautar.
Búnaður í verklegum stofum til	Kennarar í raungreinum eru um þessar mundir að	Vorönn 2016 og haustönn 2016.	Raungreinakennarar.



raungreinakennslu er ófullnægjandi.	greina þörf fyrir tæki og búnað sem verður keyptur.		
3. Samskipti og líðan			
Athugasemd úttektaraðila	Leið til úrbóta	Tímasetning	Ábyrgðaraðili
Brotalamir eru á samskiptum einstaka kennara við nemendur.	Kannað verður algengi þess að nemendum þyki samskipti við kennara ekki nægilega góð.	Haustönn 2016.	Sjálfsmatshópur,
Viðurlög við skólareglum eru lítt eða illa skilgreind.	Setja skýrari upplýsingar á heimasíðu skólans og vinna þær í samræmi við reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum og námskrá framhaldsskóla.	Júní 2016 og haustönn 2016.	Skólameistari og skólaritari.
Skólafélagið er ekki virkur hagsmunagæsluaðili fyrir nemendur.	Blása lífi í skólaráð þar sem fulltrúi nemenda á sæti. Unnið skv. reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum og námskrá framhaldsskóla.	Á vorönn 2016 voru haldnir fundir í skólaráði. Fundir verða settir inn á skóladagatal framvegis.	Skólameistari.
Erfitt er að virkja alla nemendur til þátttöku í félagslífi vegna dreifðrar búsetu þeirra.	Sækja um styrk til sveitarfélaga vegna langferðabíla á viðburði innan skólans.	Haustönn 2016.	Skólameistari og tengiliðir við nemendafélag.
Foreldraráð er ekki mikilvægur samstarfsaðili við stjórn skólans.	Í þeim tilgangi að efla foreldraráð skólans verður einn samráðsfundur aðila foreldraráðs, stjórnenda og fulltrúa nemendafélags auglýstur/settur inn á skóladagatal einu sinni á önn.	Haustönn 2016.	Skólameistari.
Upplýsingar um umsjónarkennara.	Setja upplýsingar um umsjónarkennara og viðtalstíma þeirra á heimasíðu skólans.	Haustönn 2016.	Skólameistari og skólaritari.



4. Húsnæði og aðbúnaður			
Athugasemd úttektaraðila	Leið til úrbóta	Tímasetning	Ábyrgðaraðili
Skólabókasafn er ekki til staðar.	Bækur eru víða innan skólans og er aðgengi bæði nemenda og kennara gott að þeim á öllum stöðum. Auk þess standa að skólanum fimm sveitarfélög sem öll hafa bókasafn og afar gott samstarf er við bókasafnið í Grundarfirði en nemendur fá bækur gjarnan sendar til sín í skólann og sóttar að notkun lokinni. Kannað verður meðal nemenda og kennara skólans hverja þörf þeir telja fyrir bókasafn.	Haust 2016.	Sjálfsmatshópur.
Lokanlegar kennslustofur eru of fáar.	Samkvæmt hugmyndafræði skólans er ekki reiknað með að kennsla fari fram í lokuðum kennslustofum. Þörfin fyrir þær er helst til staðar þegar fjarfundabúnaður er nýttur til kennslu og verið er að sýna kvikmyndir.	Á ekki við.	Á ekki við.
Verklegar kennslustofur eru ekki nægilega vel búnar.	Kennarar í raungreinum eru um þessar mundir að greina þörf fyrir tæki og búnað sem verður keyptur.	Á vorönn 2016 og á haustönn 2016.	Raungreinakennarar.
Aðstaða til íþróttaiðkunar er einhæf og fullnægir ekki þeim kröfum sem gera þarf til almennra og fjölbreyttra skólaíþróttar.	Á húsfundi í apríl sl. komu m.a. fram hugmyndir um íþróttaaðstöðu utanhúss auk þess sem óskir komu fram um að fá að stunda íþróttir annarsstaðar í samfélaginu. Möguleikar	Vinna þegar hafin.	Skólameistari . Íþróttakennari



	til breytinga verða skoðaðir í samræmi við lög og reglugerðir.		
Skólahúsnæðið á Patreksfirði er of lítið fyrir þá starfsemi sem þar er.	Verið er að vinna að hugmyndum um stækkun húsnæðis á Patreksfirði með tilliti til fjölgunar nemenda í deildinni.	Vinna þegar hafin.	Skólameistari og deildarstjóri Framhaldsdeildar á Patreksfirði.
Vinnuaðstaða kennara er of knöpp.	Búið er að leita hugmynda og tilboða til að bæta vinnuaðstöðu kennara.	Vinna þegar hafin.	Skólameistari og húsvörður.
5. Lykilárangur			
Athugasemd úttektaraðila	Leið til úrbóta	Tímasetning	Ábyrgðaraðili
Ekki hefur tekist að draga úr brottfalli úr skóla.	Skólinn fékk styrk að upphæð kr. 1.222.000.- til aðgerða gegn brottfalli úr skóla.	Vinna þegar hafin.	Aðstoðarskólameistari og námsráðgjafi.
Nothæfar aðferðir skortir til þess að meta hversu vel skólinn sinnir grunnþáttum menntunar.	Á hverri önn verður lögð megináhersla á tvo grunnþætti menntunar og verða þeir skráðir á skóladagatal.	Haustönn 2016.	Skólameistari og aðstoðarskólameistari.
	Settir verða á deildarfundir þar sem kennarar rýna í þær leiðir sem þeir nýta við vinnu með grunnþætti. Sjálfsmatshópur fær punkta af fundunum og setur fram umbótaáætlun sé hennar þörf.	Haustönn 2016.	Skólameistari og aðstoðarskólameistari.

Í aprílmánuði árið 2016 var haldinn húsfundur í skólanum undir stjórn utanaðkomandi verkefnastjóra. Þátttakendur í fundinum voru nemendur, kennarar og starfsfólk. Vinnulag fundarins var hugmyndavinna í breytilegum hópum og komu fjölmargar hugmyndir að breytingum á skólahúsnæðinu fram. Verið er að vinna ítarlegar úr hugmyndunum.

FJÖLBRAUTASKÓLI SNÆFELLINGA
SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2015-2016



Grundarfirði 6.maí 2016
Sjálfsmatshópur Fjölbrautaskóla Snæfellinga
Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari
Erna Guðmundsdóttir íslenskukennari
Kristín Rós Jóhannesdóttir stærðfræðikennari